



### **Doctor oeconomiae honoris causa.**

Dr. Jóhannes Nordal lauk doktorsprófi frá London School of Economics 1953 með merkri ritgerð um þróun þjóðfélagsgerðar á Íslandi frá lokum 18. aldar. Jóhannes Nordal hefur alla tíð síðan verið mikilvirkur rithöfundur um hagfræði, efnahagsmál og þjóðfélagsvísindi. Meðal mikils fjölda prentaðra ritsmíða hans um þessi efni eru merkar ritgerðir um fjármál, banka og peninga; um atvinnuvegi og stjórn efnahagsmála; um orkubúskap á Íslandi; um menntun, menningu og hagsögu Íslendinga; um ríkisvald og frelsi; og um gildi þjóðfélagsvísinda.

Jóhannes Nordal hefur ritað áhrifamiklar forustugreinar í Fjármálatíðindi, helzta hagfræðitímarit Íslendinga, um innlend og erlend efnahagsmál um meira en þriggja áratuga skeið. Hann hefur verið bankastjóri Seðlabanka Íslands frá stofnun bankans 1961. Auk viðamikilla embættisstarfa og ritstarfa hefur Jóhannes Nordal unnið fræðum og vísindum á Íslandi mikið gagn, meðal annars með störfum sínum í þágu Vísindasjóðs.